

Velferðarnefnd Alþingis.

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar (LP) um frumvarp til laga um húsnæðismál, 849. mál.

15. september 2016

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að fá ofangreint frumvarp sent til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd og Alþingi.

Í 11. gr. frumvarpsins eru ákvæði um helstu verkefni sveitarfélaga á sviði húsnæðismála. Samtökin fagna því að skylda sveitarfélaga verði betur og skýrar skilgreindar í lögum, m.a. og ekki síst að sveitarfélög skuli gera áætlanir um hvernig þörfum fyrir íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk verði mætt, sbr. 2. tl. b-liðar 11. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að skýrt verði hvernig eftirliti með þeirri áætlanagerð og framkvæmd þeirra áætlana verður háttað.

Afar brýnt er að sveitarfélög vinni skipulega og markvisst að því að mæta þörf fatlaðs fólks fyrir viðeigandi húsnæði eins og er skylda þeirra að gera samkvæmt lögum. Á því hefur mjög víða verið mikill misbrestur og mjög víða er brýn þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk sem hlutaðeigandi sveitarfélög hafa ekki mætt og eru því langir biðlistar eftir því (sjá meðfylgjandi minnisblað). Afar mikilvægt er að unnið verði markvisst að því að mæta umræddri þörf og að hlutaðeigandi stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, standi undir þeim lagaskyldum sem þau bera í því sambandi.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Meðfylgjandi:

Minnisblað, dags. 15. september 2016, varðandi reglur um hámarksbiðtíma fatlaðs fólks eftir þjónustu og eftirlit velferðarráðuneytis með framkvæmd þjónustunnar.

Reglur um hámarksbiðtíma fatlaðs fólks eftir þjónustu og eftirlit velferðarráðuneytis með framkvæmd þjónustunnar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis frá 2010 um þjónustu við fatlað fólk er að finna ýmsar ábendingar til félagsmálaráðherra. Á bls. 19-20 í skýrslunni í kafla sem hefur fyrirsögnina „BIÐ EFTIR ÞJÓNUSTU“ er fjallað um bið fatlaðs fólks eftir þjónustu sem það á rétt á.¹

Í kafla í skýrslunni um niðurstöður Ríkisendurskoðunar segir undir fyrirsögninni „MÓTA VERÐUR REGLUR UM HÁMARKSBIÐTÍMA“:

Félags- og tryggingamálaráðuneytið verður að móta reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu og sjá til þess að fyrir liggja upplýsingar um lengd biðtíma hjá öllum þjónustuaðilum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 2014 um eftirfylgni vegna ofangreindrar skýrslu stofnunarinnar frá 2010² segir á bls. 14-15 varðandi ábendinguna um að ráðuneytið verði að móta reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu:

Ríkisendurskoðun lagði áherslu á að félags- og tryggingamálaráðuneyti mótaði reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu og sæi til þess að fyrir lægju upplýsingar um lengd biðtíma hjá öllum þjónustuaðilum.

Í svari velferðarráðuneytis árið 2013 við því hvort og þá hvernig það hefði brugðist við ábendingunni kom fram að í reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum væri skilgreint verklag með tilliti til verkþátta og hvaða tímarammi ætti að gilda um hvern og einn verkþátt. M.a. væri þar ákvæði um að mat á stuðningi skuli liggja fyrir hjá viðkomandi sveitarfélagi innan tveggja mánaða frá því umsókn berst en ef þörf umsækjanda væri önnur eða víðtækari ættu niðurstöður að liggja fyrir innan þriggja mánaða. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins í júní 2014 óskar Hagstofa Íslands sérstaklega eftir upplýsingum um biðtíma eftir þjónustu þegar hún leitar upplýsinga um aðra þjónustu sveitarfélaga við fatlaða.

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendinguna því reglugerð nr. 1054/2010 setur fram kröfur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu og Hagstofa Íslands safnar upplýsingum um biðtíma eftir þjónustu. Hins vegar hvetur stofnunin velferðarráðuneyti til að fylgjast vel með að sveitarfélögin uppfylli settar kröfur og grípa til aðgerða ef þörf krefur.

(undirst. LP).

¹ Skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2010 má nálgast á þessum link:

http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/thjonusta_vid_fatlada.pdf

² Eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2014 má nálgast á þessum link:

http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Eftirfylgniskyrsla_thjonusta_vid_fatlada.pdf

Landssamtökin Proskahjálptelja ljóst að hér sé um misskilning að ræða. Í reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu³, eru ákvæði varðandi fresti sem stjórnvöld hafa til að meta þörf fyrir þjónustu sem sótt er um og til að svara umsóknum um þjónustu, sbr. m. a. 4. og 5. gr., en í reglugerðinni er ekki að finna „reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu“. Reglur um hámarksbiðtíma fatlaðs fólks eftir þjónustu er ekki heldur að finna í lögum eða öðrum reglum sem stjórnvöld hafa sett.

Staðan er því sú að reglur hafa ekki enn verið settar um hámarksbiðtíma fatlaðs fólks eftir þjónustu sem það á rétt á eins og Ríkisendurskoðun sagði afdráttarlaust í skýrslu sinni frá 2010 að félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðaráðuneytið) yrði að gera

Augljóst er að fatlað fólk hefur afar mikla hagsmuni af því að fá að vita hvenær það mun fá þá þjónustu sem það hefur sótt um og á lagalegan rétt á. Mjög oft er um að ræða þjónustu sem ræður úrslitum um hvort það fær tækifæri til að njóta jafnréttis og sambærilegra lífskjara á við aðra þjóðfélagsþegna og skilyrði til að lifa eðlilegu lífi, sem eru markmið laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, sbr. 1. gr. laganna.⁴ Það eru einnig meginmarkmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Íslensk stjórnvöld búa sig nú undir að fullgilda með því að tryggja að lög og reglur og stjórnsýsluframkvæmd uppfylli þær kröfur sem samningurinn gerir. Umrædd markmið eru einnig viðurkennd samkvæmt öðrum mannréttindasamningum sem Íslensk stjórnvöld hafa gengist undir og vísað er til í 2. mgr. 1. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

Fatlaður einstaklingur sem ekki fær upplýsingar um hámarkstíma sem hann getur þurft að bíða eftir þjónustu sem hann hefur sótt um og á lagalegan rétt á, s.s. viðeigandi búsetuúrræði, getur ekki gert áætlanir um hvernig hann hagar lífi sínu og vinnur úr aðstæðum sínum þar til hann fær þá þjónustu sem hann þarfnast og sækir um og er þar með sviptur tækifærinu til að lifa eðlilegu lífi eins og löggjafinn hefur, eins og fyrr sagði, mælt fyrir um að skuli vera markmið með lögum um málefni fatlaðs fólks.

Þá er augljóst að það að veita fötluðum einstaklingi ekki upplýsingar um hámarkstíma sem hann getur þurft að bíða eftir þjónustu sem hann á lagalegan rétt á og hefur sótt um og er mjög háður hvað varðar tækifæri til eðlilegs líf samræmist afar illa málshraðareglu stjórnsýsluréttar og þeim sjónarmiðum sem hún byggist á og þeim mikilvægu hagsmunum og réttindum borgaranna gagnvart stjórnvöldum sem reglunni er ætlað að tryggja og vernda.

³ Reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, má nálgast á þessum link: <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/felagsogtrygginga/nr/17008>

⁴ 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, hljóðar svo:

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks.

Í þessu sambandi hlýtur sú mikilvæga spurning einnig að vakna hvers virði lagalegur réttur til þjónustu er ef það getur dregist um óskilgreindan tíma að þjónustan verði veitt eftir að hlutaðeigandi stjórnvald hefur komist að þeirri niðurstöðu að réttur sé til þjónustunnar og að hún skuli veitt en gerir þjónustuþega ekki grein fyrir hver hámarksbiðtími hans eftir þjónustunni getur orðið. Vandséð er einnig við þær aðstæður hvernig þjónustuþegi getur leitað til dómstóla eða annarra eftirlitsaðila til að fá rétti sínum framfylgt ef hann telur sig ekki fá þann rétt sem honum ber hjá stjórnvöldum. Með slíkri framkvæmd er m.ö.o. grafið undan þeim mikilvæga rétti sem borgari í réttarríki nýtur til að leita með mál sín til dómstóla eða annarra eftirlitsaðila telji hann vera á sér brotið.

Í kafla í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2014 sem vitnað er til hér að ofan og þar sem fjallað er um reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu „hvetur stofnunin velferðarráðuneyti til að fylgjast vel með að sveitarfélögin uppfylli settar kröfur og grípa til aðgerða ef þörf krefur.“

Landssamtökin Proskahjálp, 15. september 2016.